



LEB

Landssamband eldri borgara

349. Stjórnarfundur LEB – 18. nóvember 2021

kl. 13.00 – 15:00 – Fundurinn var haldinn á ZOOM

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Jóna Sigfúsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir, Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónasson, Ingólfur Hrólfsson,
Auk þeirra sátu fundinn: Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB og Steinunn Valdimarsdóttir, verkefnastjóri LEB

DAGSKRÁ:

1. **Fundargerðir stjórnarfunda** frá 12. og 25. október samþykktar.
2. **Upplýsingavefur – staða**
Í skoðun hefur verið hvort kaup á upplýsinga- og vefmiðlinum Lifðu núna gæti nýst Landssambandinu og félögum eldri borgara um land allt til upplýsingagjafar. Eftir ítarlega könnun er niðurstaðan sú að eignarhald á miðlinum hentar hvorki sambandinu né félögunum enda mörg þeirra núþegar með sína vefsíðu og tengdir fleiri miðlum til að koma sínum upplýsingum áfram.
3. **Útifundur og staða málsóknar Gráa hersins**
Aðalmeðferð máls Gráa hersins fór fram fyrir hádegi 29. okt. sl. Í tilefni af því var efnt til útifundar á Austurvelli þar sem má áætla að um 1200 manns hafi mætt. Fundurinn gekk að öllu leyti vel fyrir sig og vel tókst að halda kostnaði innan marka, en 500 þús. Kr. voru áætlaðar í viðburðinn. Það er tilfinning manna að útifundurinn hafi vakið athygli á stöðu málsins.
4. **Heilsuefling eldra fólks / ÍSÍ**
Velferðaráðuneytið hefur veitt fjárhagsstyrk til heilsueflingar eldra fólks og mun Landssambandið og félög eldri borgara um land allt vera í samstarfi við aðila innan ÍSÍ til að skipuleggja nýtingu og er sú vinna þegar komin í gang.
5. **Upplýsingar frá gjaldkera**
Valgerður fór yfir stöðu styrkja sem LEB hefur verið veitt til ýmissa málaflokka. Sumir þeirra hafa verið fullnýttir meðan aðrir nýttir að hluta og enn aðra á eftir að nýta.

6. Fundir hjá aðildarfélögum

Formaðurinn Helgi sagði frá heimsóknum sínum til nokkurra aðildarfélaga hér og þar um landið. Vel hefur tekist til og vel mætt á fundina og um margt spjallað sem snýr að eldra fólki. Á stefnuskránni hjá formanninum er að halda heimsóknunum áfram og helst að ná að heimsækja þau flest ef ekki öll eins og tími og aðstæður leyfa.

7. Starfsmannamál

LEB hefur verið með starfsmann á launum hjá Vinnumálastofnun frá júní og rennur sá samningur út um áramótin. Vegna anna og fyrirhugaðra verkefna hjá sambandinu er þörf fyrir áframhaldandi ráðningu frá áramótum og þá munu launagreiðslur færast yfir til LEB. Vilji er hjá aðilum fyrir ráðningunni og var samþykkt að fyrir næsta fund muni liggja fyrir kostnaður við viðbótar starfsmann svo hægt verði að taka afstöðu til málsins.

8. Símvavinir – Verkefnisstaða

Í samvinnu við RKÍ er í undirbúningi verkefnið „símvavinir“. Til verkefnisins fékkst sameiginlegur styrkur 5 milljónir sem skiptist þannig að RKÍ fékk 4 milljónir og LEB 1 milljón.

9. Jólafundur

Fyrirhugaður var jólafundur með stjórninni, en vegna ástandsins í þjóðfélaginu var ákveðið að sleppa honum og huga frekar að fundi eftir áramótin ef aðstæður leyfa.

10. Önnur mál

- a) Öryrkjabandalagið er að undirbúa málsókn varðandi aðferð við hækkun á lífeyri um áramót. Samþykkt var að Þorbjörn kannaði við þá varðandi samflot í því máli þar sem sömu forsendur eiga við varðandi hækkun lífeyri eldri borgara.
- b) Umræða fór fram um stöðu þeirra sem fresta töku lífeyris hjá TR. Auglýstur hvati hjá TR um ávinning við frestun hefur neikvæð áhrif á útkomuna.

Fundi slitið kl. 14:30

Ritari fundargerðar: Ingibjörg H. Sverrisdóttir

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum 7. desember 2021